

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. apríl 2016

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um að endurskoða byggingaráform við Landsímahúsið vegna Víkurkirkjugarðs

Í ljósi fornleifauppgrftar við Landsímahúsið, samþykkir borgarstjórn að byggingaráform á reitnum verði endurskoðuð með það að markmiði að horfið verði frá því að reisa fyrirhugað stórhýsi í hinum forna Víkurkirkjugarði, elsta kirkjugarði Reykjavíkur, enda er nú komið í ljós að kirkjugarðurinn nær inn á byggingarreitinn. Þess í stað verði leitast við að forðast menningarlegt tjón með því að vernda kirkjugarðinn, setja þar upp minningarmörk um hina framliðnu og gefa almenningi kost á útivist í garðinum eftir því sem kostur er.